



Félag íslenskra snyrtifræðinga

SI

1. tbl. 13. árg

Aukablað Íslensks iðnaðar

Október 2007



Mynd tekin uppi á Akropolis hæðinni á ferðalagi íslenskra snyrtifræðinga til Aþenu á heimsþing CIDESCO í október 2006

bls. 2



Samstaðan
fyrir öllu

bls. 3



Þrjú hundraðasti
snyrtifræðin-
neminn

bls. 4-5




Andlitslýti
vegna hrukna
og fellingna

bls. 6



Ísmót
2007



Samstaðan fyrir öllu

Hildur E. Ingadóttir
formaður FÍSF



Styrkur Félags íslenskra snyrtifræðinga felst í samstöðu félagsmanna og sá styrkur endurspegladist í frábæru nýloknu Ísmóti þar sem félagsmenn tóku þátt í keppni og kynntu starfsemi sína. Slík samstaða styrkir mjög stétt snyrtifræðinga og kynnir almenningi hversu frábæra þjónustu við veitum.

Ísmót 2007 var samvinnuverkefni þjónustugreina innan SI, en þær voru Félag íslenskra snyrtifræðinga, Félag hárgreiðslu-meistara, Gullsmiðafélag Íslands, Ljósmyndarafélag Íslands og Klæðskera- og kjólameistarafélagið. Ísmót 2007 tókst með eindæmum vel og verður lengi í minni haft. Stefnt er að því að halda slíkt mót á tveggja ára fresti og vonandi standa þjónustugreinar einhuga saman um að halda það árið 2009.

Auglýsingar félagsins „Fagleg og lögleg, þjónusta í boði“ hafa vakið mikla athygli almennings og stjórn félagsins hafa borist margar ábendingar. Þær lúta einkum að því að sveins- og/eða meistarabréf vanti á stofur eða ólögleg starfsemi eigi sér stað víða, þar sem t.d. fóttaðgerðafræðingar, naglafræðingar ganga í störf snyrtifræðinga. Gott er til þess að vita að almenningur gerir sér grein fyrir því að snyrtifræðingar eru iðnaðarmenn sem ber að virða. Sú virðing hefst hjá okkur

sjálfum með því að standa saman sem slíkir og bera ábyrgð á menntun okkar og hafa frumkvæði að því að tilkynna um ólöglega starfsemi. Í kjölfar auglýsingaáttaksins á síðasta ári vann stjórnin í mörgum málum af því tagi og þar á meðal voru þrjú alvarleg. Stjórn FÍSF heldur þeirri stefnu ótrauð áfram og tekur vel öllum ábendingum.

Frumkvæði FÍSF að auglýsingaráttakinu vakti mikla athygli þjónustugreina innan SI og líklegt er að aðrir fylgi fordæmi FÍSF hvað þetta varðar. Í því efni má nefna að Klæðskera- og kjólameistarafélagið hafa nú þegar tekið af skarið og birt slíkar auglýsingar.

Dagskrá FÍSF verður glæsileg þetta starfsárið og ég hvet alla félagsmenn til að taka ríkan þátt í félagsstarfinu og sækja þá frábæru viðburði sem fyrirhugaðir eru í vetur. Félagsmönnum hefur fjölgað og þá fjölgun má einkum rekja til mikilla umsvifa félagsins undanfarin ár. Vonandi er þetta bara byrjunin fyrir snyrtifræðina því að nú á tímum útlitsdýrkunar gefst okkur tækifæri til að vera sýnilegar og skapa okkur góða og faglega ímynd í þjóðfélaginu.

Hlakka til að sjá ykkur í vetur.

SI



Aukablað Samtaka iðnaðarins
1. töl. 13. árg. Október 2007
ISSN 1022-7741
Fór í prentsmiðju: 09.10.2007

Prentvinnsla: Prenttækni ehf.
Ljósmyndir: Odd Stefán
Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Borgartúni 35, 105 Reykjavík
Sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjórn: Guðrún Pétursdóttir, Nína Björg
Sigurðardóttir, Ólafía Magnúsdóttir
Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir
Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir
Fjölmíðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmíðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.




**Félag íslenskra
snyrtifræðinga**

Aðalfundur FÍSF

Aðalfundur félagsins var haldinn föstudaginn 2. mars á Hótel Loftleiðum. Vegna ábendinga félagskvenna var ákveðið að brjóta upp hið hefðbundna form aðalfundar og árshátíðar.

Aðalfundurinn í ár var því haldinn á föstudagskvöldi. Í framhaldi af því var haldið námskeið með erlendum kennara laugardag og sunnudag. Stjórnin taldi að þetta fyrirkomulag gæti komið sér vel fyrir félagsmenn og sérstaklega þá af landsbyggðinni. Okkur þætti vænt um að fá viðbrögð félagsmanna við þessu nýja fyrirkomulagi. Fundurinn hófst á hefðbundnum aðalfundarstörfum en að loknum kvöldverði tóku við önnur mál og hið árlega happdrætti þar sem margir veglegir vinningar voru í boði. Alls voru 29 nýir félagsmenn teknir í félagið. Breytingar á stjórn urðu þær að Anna María Ómarsdóttir lét af störfum og þökkum við henni samstarfið. Kristín Sif Jónínudóttir var kosin ný inn í stjórn. Guðrún Pétursdóttir var kosin nýr varaformaður og tekur við af Nínu Björg Sigurðardóttur. Sett var á laggirnar ný nefnd sem hefur það verkefni að semja siðarreglur fyrir félagið.



ÍSLANDSMÓT IÐNNEMA 2007

Iðnmennt stóð fyrir íslandsmóti iðnnema en mennt sá um skipulagningu og framkvæmd keppinnar. Dagur iðn- og starfsmenntunar hefur að markmiði að auka sýnileika iðn- og starfsmenntunar, bæta ímynd greinanna, kynna þær almenningi - ekki síst ungu fólki og vekja athygli á þeim tækifærum sem felast í námi og starfi í iðngreinum. Er þetta í þriðja skiptið sem Iðnmennt og Mennt taka höndum saman um að kynna íslenskar iðngreinar.

Þetta var í annað skipti sem snyrtifræðinemum var boðið að taka þátt. Fjórir keppendur tóku þátt í mótinu, tveir frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og tveir frá Snyrti-Akademíunni. Keppt var í andlitsmeðferð, léttri dagfórðun og lökkun. Úrslit urðu þau að í fyrsta sæti varð Katrín Ósk Gunnarsdóttir frá FB. Í öðru sæti varð Elísa Ósk Skæringsdóttir frá FB. Keppendur fyrir hönd Snyrti - Akademíunnar voru Alma Hrönn Káradóttir og Hrafnhildur Ýr Ólafsdóttir. Skólabíkarinn fór að öðru sinni til Fjölbrautaskólans í Breiðholti. ÓM snyrtivörur gaf öllum keppendum vörur frá Gatineau og heildverslunin Terma gaf vörur frá Lancome.



Þrjú hundraðasti snyrtifræðin neminn

Miðvikudaginn 23. maí brautskráði Fjölbrautaskólinn í Breiðholti 11 nema í snyrtifræði. Þau merku tímamót urðu að þrjú hundraðasti neminn í snyrtifræði var brautskráður, Ingunn Guðmundsdóttir.



Afmæli snyrtibrautar Fjölbrautaskólans í Breiðholti



Hinn 17. nóvember síðastliðinn

fagnaði snyrtibraut Fjölbrautaskólans í Breiðholti 20 ára sínu. Haldið var glæsilegt teiti í húsakynnum skólans. Öllum fyrrum útskriftarnemendum var boðið ásamt velunnurum. Af þessu tilefni voru brautinni færðar margar veglegar gjafir sem hafa komið sér vel. Þátttaka var góð og áttu fyrrverandi nemendur góðar samverustundir þar sem námsárin voru rifjuð upp. Skólameistari Fjölbrautaskólans í Breiðholti Kristín Arnalds og Ingibjörg Andrédóttir,

Alma og Ásta Bergljót með þær Evu Dögg og Huldísi fyrrum nemendur brautarinnar á milli sín á 20 ára afmælinu

deildarstjóri snyrtibrautar, fluttu ávörp í tilefni afmælisins.

Fyrstu nemendur brautarinnar hófu nám haustið 1986. Brautin hefur stækkað og dafnað á þessum tuttugu árum og m.a. hefur húsnaði brautarinnar fjórfaldast á þessum tíma. Í upphafi störfuðu tveir kennarar við brautina en nú eru þeir sex. Þess má geta að frumkvöðlarnir þær Ásta Bergljót Stefánsdóttir og Alma Guðmundsdóttir eru enn starfandi kennarar við brautina.

Andlitslýti vegna hrukkna og fellinga

„Mér finnst ég eitthvað svo „dull“ í framan en átta mig ekki alveg á hvað það er. Heldurðu að þú getir gert eitthvað fyrir mig?“ Þessi spurning hljómar nær daglega í eyrum snyrtifræðinga og okkar húðlækna og samvinnu er oft þörf.

Eitt af því sem ég geri mikið af í mínu starfi er að meðhöndla hrukkur í andliti fólks eða að grynna eða fjarlægja áberandi fellingar. Eins og við vitum er flestum mjög umhugað um útlit sitt hvort sem þeir viðurkenna það eða ekki og útlit manna hefur oft áhrif á sjálfstraust þeirra. Sífellt fleira og yngra fólk kemur í slíka meðferð.

Hrukkur verða til fyrst og fremst fyrir áhrif sólarinnar. Hún brýtur niður stinnleikann í húðinni sem slappast með þeim afleiðingum að hrukkur myndast eða fellingar verða meira áberandi. Til að draga úr þessu er æskilegt að forðast sterka sól, klæða hana af sér eða nota sólarvörn.

Innihald hrukkukrema er misjafnt. Það er helst að krem, sem innihalda vissar A-vítamínsýruafleiður, hjálpi til að fyrirbyggja hrukkumyndun en rannsóknir hafa einnig sýnt að nokkur önnur efni virka. Gallinn við margar slíkar rannsóknir er að þær eru oft gerðar fyrir framleiðendur kremanna og geta því ekki talist áreiðanlegar. Mörg krem innihalda lítið magn virkra efna eða efni sem eru ekki vænleg til að fyrirbyggja hrukkur.

Oft er erfitt fyrir fólk að átta sig á útlitsbreytingum eins og hrukkum sem koma smátt og smátt því að það lítur í spegil daglega og venst þannig breytingunum dag frá degi. Oft kemur fólk til að meðferð vegna tiltekinna hrukkna en það hefur oft einnig aðrar hrukkur sem það hefur ekki komið auga á en hafa veruleg áhrif á útlit þess. Stundum hefur það einnig djúpar fellingar sem myndast þegar húðin slappast, t.d. frá nefi niður að munnvikum en meðferð þeirra hjálpar oft mjög útlitslega, sérstaklega þegar fellingarnar eru ekki eins báðum megin. Fellingar eða hrukkur, sem myndast niður frá munnvikum, valda hvað mestum útlitsbreytingum og hafa tilhneigingu til að mynda fýlusvip sem fólk áttar sig stundum ekki á hvernig er til kominn. Meðferðin snýst þá ekki eingöngu um að fjarlægja hrukkurnar og fellingarnar heldur einnig, í mörgum tilvikum, að lyfta munnvikunum lítillega. Auk fyrrgreindra

Fyrir:



Eftir:



Tvær dæmigerðar myndir fyrir og eftir meðferð með Restylane. Dökkhærða konan hefur gengið lengra í meðferð en hin en mikilvægt er að breyta ekki þeim andlitslínunum sem fólk vill halda og er hluti af því sjálfu. Takið eftir hve mikil breyting felst í því að lagfæra fellingarnar sem ganga frá nefi niður að munnvikum í báðum tilvikum. Takið einnig eftir hvernig væg lyfting á hægri munnviki breytir svip sömu konu og hvernig skerping varalínanna eykur mýkt varanna.

Fyrir:



Eftir:



ástæðna kemur fólk oft í meðferð við hrukkum sem ganga í gegnum varalínurnar og inn í varirnar en slíkar hrukkur verða oft mjög áberandi þegar varaliturnar hefur verið borinn á varirnar. Meðhöndlun á hrukkunum og skerping á varalínunum gjörbreyta oft útlitinu. Eftirsótt er að auka rúmmál vara einkum þegar efri vörin er mjög þunn. Stundum kemur fólk vegna áberandi ennishrukkna eða vegna hrukkna milli augabrúna eða út frá augum.

Meta þarf hvert tilfelli gaumgæfilega

Oftast vill fólk láta grynna hrukkurnar

án mikilla andlitsbreytinga og mér finnst það eins eðlilegt og að nota snyrtivörur. Markmið hvors tveggja er auðvitað að bæta útlitið. Það er ótrúlegt hve margar konur eru ennþá tregar til að láta lagfæra andlit sem þær eru óánægðar með meðan siðlausir postular hamra á að slíkar meðferðir séu hégómlegar.

Hér á landi felst ein eftirsóttasta meðferðin við hrukkum og áberandi fellingum í að nota svokölluð fyllingarefni (e. fillers). Til eru margvísleg fyllingarefni en val þeirra fer eftir markmiði, hvar hrukkurnar eru og hve djúpar þær eru. Mjög algengt er að notaðar séu mismunandi

gerðir af Restylane sem inniheldur hyalur-óníksýru en hún er ríkur þáttur í milli-frumuefni húðarinnar. Reynsla og þekking þess, sem veitir slíka meðferð, vegur mjög þungt og ég hef fengið til mín fólk með varanlegan húðskaða eftir slíkar meðferðir. Það fólk kvartar oft einnig undan sársauka samfara þeirri meðferð sem það hlaut því að efninu er sprautað í húðina en auðvelt er fyrir lækna að deyta húðina vel með kremi fyrir meðferð sem fólk þolir mjög vel. Sumt fólk er tregt til að láta grynna hrukkur sínar því að það veit ekki á hverju það má eiga von og of mikil breyting gæti kallað á neikvæð viðbrögð frá umhverfinu. Æskilegt er að gefa sér góðan tíma og gera margar þessara meðferða í tveimur þrepum til að ofgera ekki og hafa viðkomandi með í ráðum með spegilinn á lofti. Í fyrra þrepinu er sett inn hæfilegt magn af efninu en í seinni meðferðinni er fín-pússað eftir því sem þurfa þykir. Ég segi stundum að ekki sé hægt að fjarlægja það efni sem sett hefur verið í en alltaf meggi bæta efni við. Meðferðin endist yfirleitt í 6 mánuði til tvö ár en tímalengdin fer bæði eftir efninu og hversu hratt líkaminn brýtur það niður. Ég sinni mjög stórum hópi fólks sem kemur í slíkar meðferð á árs fresti og flestir koma vegna upplýsinga frá öðrum sem verið hafa í meðferð. Færst hefur í vöxt að yngri og yngri fólk komi í slíka meðferð og haldi niðri hrukkunum sem ná þá ekki að dýpka.

Botox® er bakteríueitur, sem notað er í læknisfræði í margs konar tilgangi en eitrið, lamar taugar tímabundið. Sjálfur nota ég Botox® mest í holhendur við óhóflegri svitamyndun þar sem það hefur reynst frábærlega. Flestum dettur í hug hrukkur þegar þeir heyra minnst á Bo-

tox® en sú frægð kemur frá Bandaríkjunum því að þar var lengi vel ekkert annað bitastætt til því að þarlend heilbrigðis-yfirvöld voru mjög lengi treg til að samþykkja fyllingarefni. Botox® á vel við þegar um er að ræða hrukkur milli augnabrána og reynslan er mikil í því efni. Það hefur einnig verið notað annars staðar og þá aðallega við hrukkum á enni og út frá augum. Þar sem Botox® á við finnst mér það ná hrukkum mjög vel en gallarnir eru einkum þeir að það endist eingöngu í u.þ.b. fjóra mánuði og kostnaðurinn er meiri borinn saman við fyllingarefni eins og Restylane. Sjúklingar, sem eru meðhöndlaðir með Botox®, þurfa að fá góðar upplýsingar um meðferðina og hvers vænta má því við meðferðina eru lamaðir litlir vöðvar sem valda því að ekki er hægt að gretta meðhöndlað húðsvæði þegar viðkomandi brosir.

Face-lift er aðallega æskilegt þegar mikill slappleiki er í húðinni samfara áberandi fellingum en margir telja það of mikið inngrip.

Til eru önnur meðferðarform en þau, sem ég hef minnst á, en minna notuð við hrukkum og fellingum. Stundum fæ ég til mín fólk sem hefur margsinnis fengið grunna húðslípun (e. microdermabrasion) við hrukkum án árangurs og mín reynsla er að slík slípun hjálpi ekki gegn hrukkum. Stundum kemur fólk vegna hrukkna en reynist svo vera með ör en þau meðhöndla ég oft með djúpri húðslípun.

*Bolli Bjarnason dr. med. húð- og kynsjúkdómalæknir
Greinarhöfundur kennir húðsjúkdóma við
læknadeild Háskóla Íslands. Hann rekur lækninga-
og meðferðarstofu hjá Útlitslækningu ehf. í Kópavogi
Hann er formaður Félags íslenskra húðlækna*



Nýr skóli Ellisons í Glasgow

Þar til nýlega hefur einungis verið hægt að sækja námskeið Ellisons í Englandi. Nú hefur Ellisons komið sér fyrir í húsnaði The Scottish Beauty School í Hillington Park, Glasgow. Skólinn er staðsettur milli miðbæjar Glasgow og flugvallarins. Hægt er að sækja ýmis dagsnámskeið, nánari upplýsingar eru að finna á www.ellisons.co.uk/glasgowdates.

Námskeið í indversku höfuðnuddi

Indverskt höfuðnudd hefur verið algeng meðferð erlendis og margir snyrtiskólar þ.á.m. í Bretlandi að kenna þessi fræði í hefðbundnu snyrtinámi sínu. Þar sem slík meðferð hefur ekki verið á boðstólum hér á landi stóð FÍSF fyrir námskeiði í indversku höfuðnuddi helgina 3. og 4. mars síðastliðin. Námskeiðið var haldið í húsakynnum Snyrti-Akademíunnar að Hjallabrekku 1, Kópavogi. Í samstarfi við breska snyrtifélagið BABTAC var fenginn til landsins hin reynslumikli kennari Michelle Severn. Heimalagaður indverskur matur var í boði í hádeginu í anda námskeiðsins. Góð aðsókn og almenn ánægja var með námskeiðið. FÍSF niðurgreiddi námskeiðsgjald fyrir félagsmenn og allir þátttakendur fengu sent viðurkenningarskjal. Vonast er til að snyrtistofur nýti sér vel þessa skemmtilegu og gefandi



viðbót í flóru sína. Stjórnin stefnir á að endurtaka leikinn að ári liðnu og halda viðurkennt námskeið í einhverjum spennandi fræðum.

Ísmót 2007 - haldið í Laugardalshöllinni helgina 1. - 2. september

Nánari upplýsingar um Ísmótið er að finna á www.sí.is



Guðrún Bjarnadóttir, eigandi Snýrtihornsins og innflytjandi Galgels og Fjóla Rún Þorleifsdóttir einbeittar að setja Calgel neglur á gesti og gangandi



Galína Holujanova starfsmaður Lauga spa sýnir hér Nickel herrameðferð

Samankomnir sex fyrrverandi formenn FÍSF auk núverandi formanns ásamt Ronelle Iten stjórnarmanni CIDESCO sem kom til landsins á vegum félagsins til að halda fyrirlestur á Ísmóti. Frá vinstri Ásta Hannesdóttir, Ingibjörg Andrésdóttir, Guðrún Þorbjarnadóttir, Ronelle Iten, Eybjörg Einarsdóttir, Sigríður Guðjónsdóttir, Anna María Jónsdóttir og Hildur Ingadóttir.



Ronelle Iten hélt fyrirlestur fyrir snyrtifræðinga um hvað þeir geta gert fyrir og eftir meðferð/aðgerð hjá húðsjúkdóma- lýtalæknum til þess að undirbúa viðkomandi eða flýta fyrir bata.

Horft yfir keppnissvæði snyrtifræðinga. Keppt var í andlitsmeðferð, litun og plokkun og handsnyrtingu með lökkun. Hér sjást nokkrir keppendur í andlitsmeðferð.





Fjöldi snyrtistofa, sem vinna með Guinot, tóku sig saman og mynduðu glæsilega heild á hinum rauða Guinot bás þar sem ávallt var mikið að gerast.



Á Óm básnum voru Helena Hafliðadóttir, Guðfinna Björnsdóttir og Berglind Ólafsdóttir eigandi Snyrtistofu Grafavogs að kynna m.a. Casmara maskana



Jónína Hallgrímsdóttir eigandi Snyrtistofu Jónu tók þátt í keppni um Tískuteymi ársins. Hér sést hún farða módelið á básnum sínum.



Frá vinstri: Rósa Þorvaldsdóttir, eigandi Snyrtimiðstöðvarinnar Lancomé hafnaði í 1. sæti í handsnyrtingu. Ágústa Kristjánsdóttir, eigandi Snyrtistofunnar Ágústu hafnaði í 1. sæti í andlitsmeðferð og var með hæstu samanlögð stig úr öllum greinum en það veitti henni titilinn snyrtifræðingur ársins. Einnig var Snyrtistofan Ágústa kosin snyrtistofa ársins. Sigríður Gróa Sigurðardóttir, frá snyrtistofunni Gyðjunni, hafnaði í 1. sæti í litun og plokun.

Snyrtiakademían í Kópavogi

Snyrtiskólinn hefur nú náð því takmarki að hljóta alþjóðlega viðurkenningu frá CIDESCO samtökunum og er nú viðurkenndur alþjóðlegur CIDESCO skóli. Skólinn hélt sín fyrstu alþjóðlegu CIDESCO próf dagana 23. og 24. mars síðastliðinn.

Undirbúningur undir aðild að CIDESCO hefur tekið þrjú ár og það var mjög ánægjulegt þegar í ljós kom að þeir átta nemendur, sem þreyttu bóklegt og verkleg próf, stóðust allir prófin. Lágmarkseinkunn í prófunum miðast við 70% árangur.

Prófdómarar voru þær Mariella Larson sem er alþjóðlegur CIDESCO dómari og starfar við Privatskolan í Svíþjóð og Kristín Sif Jónínudóttir kennari við Snyrtiskólann. Fyrirhugað er að halda



Fyrstu CIDESCO útskriftarnemendurnir frá Snyrtiakademiunni ásamt Mariellu frá CIDESCO og Sif kennara

næsta CIDESCO próf í nóvember.

Snyrtiskólinn tekur þátt í Nordplus Voksen ásamt tveimur öðrum CIDESCO snyrtiskólum á Norðurlöndunum. Um er að ræða bæði kennara- og nemendaskipti milli skólanna þriggja en samstarfið hefst á haustmánuðum og heldur áfram næsta ár.

Snyrtiakademían hyggst hefja

kennslu í fóttaaðgerðafræðum í nóvember. Fóttaaðgerðaskólinn verður sérskóli og þar verður kennt eftir námsskrá sem menntamálaráðuneytið gefur út á framhaldsskólastigi og verður væntanlega tilbúin í haust. Mikil eftirspurn er eftir þessu námi og langur biðlisti.



CIDESCO Aþena



Á aðalfundi CIDESCO stjórnarmenn frá vinstri Ásta Bergljót Stefánsdóttir, Nína Björg Sigurðardóttir og Anna María Jónsdóttir



CIDESCO þing var haldið í Aþenu 19.-22. október síðastliðinn. Um tuttugu félagsmenn sóttu þingið og fluttir voru margir áhugaverðir fyrirlestrar. Athyglisvert er hve þungt atkvæði okkar Íslendinga vegur á aðalfundi CIDESCO en til marks um það höfum við eitt atkvæði en t.d. Bretar aðeins tvö. Mikið var um dýrðir, matur, sýningar og dans m.a. afmælishátíð, galakvöld og lokahátíð með alþjóðlegri hugmyndaförðunarkeppni.



Hluti íslenska hópsins á galakvöldinu



Fyrsta sæti í hugmyndaförðun nema fór til Finnlands



Dagskrá vetrarins 2007-2008

Priðjud. 18. sept.	Haustrfundur
Miðvikud. 10. okt.	Fræðslukvöld
Sunnud. – þriðjud. 14.-15. okt	Professional Beauty North í Manchester
Miðvikud.- mánud. 24.-29. okt.	CIDESCO þing Malasía
Miðvikud. 14. nóv.	Fræðslukvöld
Priðjud. 22. jan.	Fræðslukvöld
Sunnud.-þriðjud. 2.-4. mars.	Professional Beauty í London
Föstud. 7. mars	Aðalfundur
Laugard. 8. mars	Námskeið með erl. kennara
Sunnud. 9. mars	Námskeið með erl. kennara

Allar nánari upplýsingar um atburði vetrarins verða sendar félagsmönnum þegar nær dregur. Stjórnin áskilur sér rétt til gera minniháttar breytingar ef þörf krefur.

Professional Beauty ExCel

Í lok febrúar síðastliðins fjölmenntu íslenskir snyrtifræðingar til stórborgarinnar London. Tilefnið var Professional Beauty sýningin en hún hefur verið eftirsótt meðal íslensks fagfólks í áraraðir. Fjölbreytt flóra snyrtifræðinga mætti til leiks, stofueigendur, starfsfólk, kennarar og útskriftahópur snyrtinema Fjölbauta-skólans í Breiðholti en þeir notuðu tækifærið sem útskriftaferð. Sýningarsvæðið var stórt og fjölbreytt og fyrirlestrar í boði af ýmsu tagi. Auk þess að fræðast um það nýjasta í faginu notuðu margir einnig tækifærið til að versla, borða góðan mat og skemmta sér saman.